

Úrskurður í máli 5 2016-2017

Kærandi: Friðjón Guðjohnsen.

Kærð: Þóra Kristín Ásgeirs dóttir, fréttastjóri Fréttatímans.

Kæruefní: Frétt ÞKÁ í Fréttatímanum 26. ágúst 2016 um friðuð hús í Reykjavík og bótakröfur tengdar þeim og forsíðutilvísun á þá frétt.

Málsmeðferð

Kæra þessi er dagsett 10. október sl. og barst siðanefnd 12. október sl., en tilefnið er fréttatflutningur ÞKÁ og Fréttatímans um friðuð hús í Reykjavík og bótakröfur tengdar þeim. Kærðan var úrskurðuð tæk og því var andsvara leitað þann 1. nóvember sl. Þau bárust frá ÞKÁ þann 17. nóvember sl., en í kjölfar þeirra var einnig óskað eftir andsvörum frá ritstjóra/-um Fréttatímans vegna kærðrar forsíðutilvísunar, sem ÞKÁ taldi sig ekki bera ábyrgð á. Andsvör bárust frá ritstjóra Fréttatímans (ÞT) þann 28. desember sl. Fjallað var um kæruna á fundum siðanefndar 1. og 15. nóvember, 20. desember 2016 og 5. janúar 2017.

Málavextir

Kærandi telur að framsetning fréttarinnar, bæði á forsíðu og í meginmáli, sé „óvönduð, ónákvæm og villandi“ og þá í andstöðu við 3. gr. siðareglina BÍ. Í fyrsta lagi sé framsetningin með þeim hætti að blandað sé saman málefnum kæranda og systkina hans og málefnum óskylds einkahlutafélags (verktaka). Í öðru lagi sé um að ræða rangfærslu um gildi deiliskipulags frá árinu 2005, „gefið í skyn“ að það sé fallið úr gildi, sem sé rangt, en á því deiliskipulagi byggist aðalkrafa kæranda og systkina hans um að úrskurður Minjastofnunar þess efnis að ekki megi rífa húsið verði felldur í gildi og sömuleiðis varakrafa um bætur þeim til handa verði úrskurðurinn ekki felldur úr gildi. Kærandi segir ekkert fjallað um þetta kærufjerli í fréttinni né heldur, í þriðja lagi, að hann og systkinin, eigendur hússins, hafi allir búið í húsinu í æsku og erft húsið eftir móður sína. Þvert á móti sé á forsíðu „gefið í skyn“ að eigendur hússins séu verktakar, sem sé alrangt. „Ljóst er að þeir sem aðeins líta á forsíðumyndina og textann við hlið hennar lesa út úr því að fólkið á myndinni séu þeir verktakar sem vitnað er til í myndtextanum,“ segir kærandi. Hann óskaði leiðréttингar en segir þeirri ósk ekki hafa verið svarað.

Kærða segir í andsvörum sínum að hún hafi unnið fréttina af fyllstu heilindum og hafnar því alfarið að hafa ekki gætt í einu og öllu að 3. gr. siðareglanna við vinnslu og framsetningu fréttarinnar. Hún hafnar því alfarið að málefnum systkinanna sé blandað saman við málefni verktakafyrirtækis og segir ljóst af lestri fréttarinnar að um aðskilin og ótengd tilvik sé að ræða. Í fréttinni segi: „Tveir húseigendur hafa gert fjákröfur á hendur Minjastofnunar vegna húsa sem eru friðuð en eigendur vilja rífa“ og sérstaklega tiltekið að um two ólíka húseigendur sé að ræða. Kærða hafnar því að forsíðutilvísunin sé röng eða villandi, en tekur fram að forsíðutilvísunin sé ekki á hennar ábyrgð – hún hafi ekki samið hana. Kærða hafnar því að frásögn um deiliskipulag 2005 hafi verið röng eða villandi og hvergi sagt að téð deiliskipulag hafi verið fellt úr gildi og rangur málskilningur að halda því fram að slíkt sé gefið í skyn. Á hinn bóginn blasi við: „Í kjölfar gildistöku laga um menningarminjar nr. 80/2012 þann 1.

janúar 2013 hefur verið óheimilt að rífa niður hús sem eru eldri en hundrað ára gömul. Þessi lagabreyting gerir það að verkum að óheimilt er að rífa niður (hús kæranda og systkina hans) enda þótt heimild hafi verið fyrir því samkvæmt deiliskipulagi ársins 2005“. Kærða mótmælir því og að ekki sé minnst á viðkomandi kæruferli, „henni eru gerð ítarleg skil í greininni þar sem kemur fram að eigendurnir geri þá kröfu að fá að rífa niður húsið“ og kærða segir rangt að ekki sé minnst á æskutengsl systkinanna við húsið, enda segir orðrétt í fréttinni: „Hann [kærandi] segist ekki hafa neinar rómantískar taugar til hússins þótt hann sé alinn upp þar, móðir hans hafi upphaflega fest kaup á því af því það var í niðurniðslu og þess vegna fengist fyrir lítið fé“.

Kærða hafnar því að þörf hafi verið á leiðréttингum þegar ósk um slíkt barst frá kæranda. Þá segir kærða í andsvörum sínum: „Þrátta fyrir að blaðið telji undirfyrirsögnina ekki villandi var kæranda boðið að birta athugasemd á fréttasiðunum til að áréttu að hann sé ekki verktaki heldur eigandi hússins. Var þetta gert umfram skyldu en kærandi hefur ekki þegið boðið.“ Með því að kærða hafnaði ábyrgð á téðri forsíðutilvísun óskaði siðanefnd eftir afstöðu ritstjóra til þess kæruefnis. Í svari Þóru Tómasdóttur ritstjóra segir að hvergi í umfjöllun blaðsins, né á forsíðu, sé því haldið fram að systkinin séu verktakar og ekki verði lesið úr forsíðunni að verið sé að gefa slíkt í skyn. „Við sjáum ekki að fyrirsögnin sé með nokkrum hætti villandi eða misvísandi“.

Umfjöllun

Siðanefnd telur ljóst að kæra þessi beinist fyrst og fremst að framsetningu viðkomandi fréttar og forsíðutilvísunar. Siðanefnd tekur undir með kærðu að í frétt hennar komi fram skilmerkileg aðgreining á málefnum annars vegar kæranda og systkina hans og hins vegar nefnds verktakafyrirtækis, að gildi téðs deiliskipulags sé réttilega tilgreint að teknu tilliti til laga um menningarminjar, nr. 80/2012, og að skilmerkilega komi fram að kærandi hafi búið í umræddu húsi í æsku. Siðanefnd fær ekki séð af lestri fréttarinnar að lesandi geti velkst í vafa um hver aðalkrafa kæranda og systkina hans sé og hver varakrafa – þau vilja fá að rífa húsið en fá skaðabætur ella. Siðanefnd telur að í meginmáli fréttarinnar séu siðareglur Bí ekki brotnar.

Í kærðri forsíðutilvísun á umrædda frétt er í fyrsta lagi mynd úr fréttinni af kæranda og systur hans fyrir framan hús þeirra, í öðru lagi aðalfyrirsögn tilvísunar: „Vilja fá 200 milljónir fyrir að rífa ekki hús“ og í þriðja lagi undirfyrirsögn tilvísunar: „Verktakar vilja rífa litlu húsin til að byggja stórt“. Ljóst má vera að aðalfyrirsögn tilvísunarinnar er í samræmi við myndina; kærandi og systkini hans hafa lagt fram 180 milljón króna bótakröfu fái þau ekki að rífa húsið. Undirfyrirsögn tilvísunarinnar vísar til annarra hluta í viðkomandi frétt. Forsíðutilvísanir, eins og sú sem hér um ræðir, geta aldrei sagt langa sögu; til þess verður að ætlast að lesandi dragi ekki of miklar ályktanir af slíkum tilvísunum heldur kynni sér efni þess sem vísað er til. Siðanefnd leggur nú eins og ádur áherslu á að forsíðutilvísanir endurspegli með réttmætum hætti innihald þess sem vísað er til og telur að hin kærða forsíðutilvísun sé hvorki röng né villandi, þótt hún gaetti hafa verið skýrari eða nákvæmari með meira rými.

Úrskurður:

Þóra Kristín Ásgeirsdóttir og Fréttatíminn eru í máli þessu ekki brotleg við siðareglur BÍ.

Reykjavík 5. janúar 2017

Hjörtur Gíslason
Hjörtur Gíslason

Ásgeir Þór Árnason
Ásgeir Þór Árnason

Björn Vignir Sigurpálsson
Björn Vignir Sigurpálsson

Friðrik Þór Guðmundsson
Friðrik Þór Guðmundsson

Jóhannes Tómasson
Jóhannes Tómasson